

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

7. fundur 2017 (72. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 18.08.2017 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála

Lagt var fram erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 05.07.2017, þar sem tilkynnt er að ráðuneytið áætli að afgreiða aðalskipulag Keflavíkurflugvallar fyrir 1. september n.k.

Fram kom á fundinum að skrifstofustjóri ráðuneytisins hafi í tölvupósti tjáð formanni skipulagsnefndarinnar að verið væri að skoða farþegaspár skipulagsins í ráðuneytinu.

Skipulagsnefndin samþykkti eftirfarandi bókun vegna máls þessa:

Þann 4. janúar 2015 heimilaði Skipulagsstofnun að tillaga að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 yrði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. Þann 14. apríl 2015 var skipulaginu skilað til Skipulagsstofnunar til staðfestingar með upplýsingum um viðbrögð nefndarinnar við athugasemdum er bárust við auglýsingu tillögunnar. Síðan eru liðnir um 16 mánuðir með töfum á afgreiðslu skipulagsins bæði hjá Skipulagsstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti án viðhlítandi skýringa.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar harmar þessar tafir og ítrekar nauðsyn þess að afgreiðslu málsins ljúki strax og minnir á að aðalskipulag sveitarfélagsins Garðs og deiliskipulag á Keflavíkurflugvelli, sem nauðsynlegt er að ljúka við, eru í biðstöðu vegna þessa máls.

Formaður nefndarinnar sem og aðrir nefndarmenn eru hvenær sem er reiðubúnir að mæta til funda í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu geti það orðið til þess að flýta afgreiðslu málsins.

2. Deiliskipulag NA svæðis – auglýsing eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 06.07.2017, þar sem heimiluð er auglýsing deiliskipulagsins í B deild Stjórnartíðinda með tveimur minniháttar lagfæringum. Hefur deiliskipulagið þegar verið auglýst með þessum breytingum.

3. Deiliskipulags Háaleitishlaðs

Undir þessum lið mættu til fundarins Björn Óli Hauksson forstjóri Isavia og Stefán Jónsson forstöðumaður skipulagsdeildar Isavia.

Lagt var fram bréf Isavia, dags. 18.08.2017, undirritað af Birni Óla Haukssyni, forstjóra Isavia, þar sem fjallað er um frestun skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar á afgreiðslu deiliskipulags Háaleitishlaðs. Í bréfinu er í ítarlegu máli farið yfir forsendur skipulagstillögunnar og óskað eftir að skipulagsnefndin samþykki fyrirbyggjandi tillögu Isavia að skipulagi svæðisins. Björn Óli skýrði einnig á fundinum ítarlega forsendur skipulagstillögunnar sem og aðrar forsendur og þróun mála á flugvelli eins og t.d. flugumferð og farþegafjölda.

Rætt var um lóðirnar fyrir flugskýli í skipulagstillögunni og möguleikana á að úthluta 1 – 2 lóðum fljótlega í kjölfar samþykktar deiliskipulagsins. Rætt var um nauðsyn þess að ræða við yfirvöld í Reykjanesbæ um tengsl svæðisins til austurs að skipulagssvæði Reykjanesbæjar.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa skipulagstillöguna í samræmi við ákvæði skipulagslaga og –reglugerðar þar um.

4. Hljóðvist – hljóðmælikerfi Keflavíkurflugvallar

Frestað.

5. Fálkavöllur 17 – umsókn um stöðuleyfi

Lagt var fram erindi DHL Express, dags. 10.07.2017, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 5 gáma við Fálkavöll 17. Lagður var fram uppdráttur Verkfræðistofu Suðurnesja f.h. DHL Express þar sem sýndar eru 5 gámaeiningar til skrifstofuhalds við Fálkavöll 17. Fyrir liggur að umsókn um stöðuleyfi er til lengri tíma en eins árs og er því erindinu hafnað þar sem stöðuleyfi má að hámarki veita til eins árs.

6. Fálkavöllur 27 – ný rafdreifistöð

Kynnt var erindi um stofnun nýrrar lóðar fyrir rafdreifistöð innan lóðarinnar Fálkavöllur 27. Skipulagsnefndin óskar eftir að gerður verði sérstakur skipulagsuppdráttur fyrir lóðina sem lagður verði fyrir nefndina.

7. Umferðarhraði á Flugstöðvarsvæðinu

Kynnt var erindi lögreglunnar á Suðurnesjum, dags. 23.07.2017, um umferðarhraða á Flugstöðvarsvæðinu. Kynntar voru tvær tillögur að leyfilegum hámarkshraða á svæðinu, A og B. Skipulagsnefndin hallast frekar að tillögu A.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 22.09.2017 kl. 10 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx